

## AUGLÝSING

### um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftirfarandi skipulagsáform:

*5. áfangi Helgafellshverfis - deiliskipulagsbreyting – 302-Íb.*

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur í sér breytingu á húsagerð fjölbýlis að Úgötu 10-12. Einnig er gerð breyting á aðkomu sérbýlishúsa að Úgötu 62, 64, 73 og 90. Lóðin Úgata 1B bætist við fyrir dælustöð vatnsveitu. Annað í skipulagi er óbreytt.

*Áningastaður við Reykjahvol – deiliskipulagsbreyting – 321-Íb.*

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur í sér breytingu á umferðarflæði við endastöð Strætó við Reykjaveg/Reykjahvol, ný bílastæði og að festa í sessi stærri hluta garðsins, stíga, torg og gróður innan hans. Annað í skipulagi er óbreytt.

*Háeyri 1-2 – deiliskipulagsbreyting – 330-Íb.*

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur breytingin í sér fjölgun íbúða úr tveimur einbýlishúsum í tvö tveggja hæða parhús. Kvöð er um sameiginlega aðkomu beggja húsa innan lóðar Háeyrar 1, tengist aðkoman Reykjalandarvegi.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 13. apríl 2023,*

**Kristinn Pálsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 17. apríl 2023